

Alþingi
Eftandi nr. E 139/708
Málagur 6.12.2010

SFF
SAMTÖKEFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Alþingi
Heilbrigðisnefnd
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2010

Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna stofnunar nýs embættis landslæknis og lýðheilsu (þskj.207-190. mál)

Samtök fjármálafyrirtækja hafa fengið framangreint frumvarp til umsagnar. SFF hafa engar athugasemdir við sameiningu Lýðheilsustöðvar og landlæknisembættis í eitt embætti, embætti landlæknis og lýðheilsu.

Í núgildandi lögum um lýðheilsustöð nr. 18/2003 er skv. 1. mgr. 5. gr. skylt að starfrækja slysavarnarráð. Samkvæmt 6. gr. frumvarpsins mun slysavarnarráð ekki vera lögbundið ráð, en embætti landlæknis og lýðheilsu er heimilt að starfrækja fagråd á einstökum sviðum lýðheilsamála. SFF gera ekki athugasemd við þessa breytingu en vilja þó benda á mikilvægi þess að fagråd á sviði slysavarna verði stofnað samkvæmt þeirri heimild sem fram kemur í 6. gr. frumvarpsins og að það verði skipað sérfræðingum á sviði slysavarna þar á meðal fulltrúa tryggingafélaga.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Vigdís Halldórsdóttir, lögfræðingur